

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2022, þriðjudaginn 29. nóvember kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1190. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson og Kristín Björg I. Sverrisdóttir.

Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Aðalstræti 10** (11.365.04) 100594 Mál nr. BN061703
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055993, þ.e. í stað gólfniðurfalla votryma í kjallara verði vatnsskynjarar við gólf matshluta nr. 02, hús á lóð nr. 10 við Aðalstræti.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á teikningu hönnuðar dags. 27. desember 2021.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísad til athugasemda eldvarnaeftirlits.
- Alþingisreitur** (01.141.1) 100886 Mál nr. BN060950
420169-3889 Alþingi, Kirkjustræti, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka fimmtu hæð til austurs í nýju skrifstofuhúsi alþingis, mhl.07, við Tjarnargötu 9 á lóðinni Alþingisreitur.
Stækkun mhl. 07: 154,8 ferm., 645,7 rúmm.
Núv. stærð: 6.363,1 ferm., 25.504,4 rúmm.
Br. stærð: 6.517,9 ferm., 26.150,1 rúmm.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. maí 2022, greinargerð aðgengis dags. 3. maí 2022 og skýringarmynd 5. hæðar dags. mars 2020.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. júní 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2022.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Austurbakki 2** (11.198.01) 209357 Mál nr. BN061825
471008-0280 Landsbankinn hf., Austurstræti 11, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055542 v/lokaúttektar þannig að fyrirkomulagi í gjaldeyrisdeild er breytt sem og flóttaleið úr efri kjallara í Landsbankanum í Reykjastræti 8, á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.

4. **Álfheimar 21** (01.432.205) 105236 Mál nr. BN061119

611218-2650 Ankor ehf., Álfheimum 21, 104 Reykjavík

Garðar Einarsson, Bandaríkin, Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. reistir milliveggir í bílgeymslu, bílskúrshurðir fjarlægðar, komið fyrir útgangshurð og glugga á rými 02-0101, byggt hefur verið yfir tröppur, komið fyrir hurð í burðarvegg og gluggar á vesturhlið fjarlægðir, jafnframt er sótt um að fjölga fasteignum með íbúð í kjallara, breyta notkun bílskúrs og skipta í tvær notkunareiningar sem vinnustofur, eignarhald vinnustofu 02-0101 verði eign kjallara 01-0001 og vinnustofu 02-0102 verði eign íbúð 01-0201 í húsi á lóð nr. 21 við Álfheima.

Stækkun: 5,61 ferm., 23,73 rúmm.

Erindi fylgir afrit eignaskiptayfirlýsingar þinglýst 23. október 2000, samþykki meðeigenda dags. 20. júlí 2022 og yfirlit breytinga.

Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 19. október 2022.

Breytt umfjöllun á teikningum hönnuðar dags. 1. ágúst 2022, móttæknað þann 6. september 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 6. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 6. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022.

Erindi fylgir uppfært samþykki eigenda og meðlóðarhafa í formi afrits af fundargerð dags. 15. október 2022 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 17. október 2022.

Gjald kr.12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

5. **Ásvallagata 21** (01.162.208) 101266 Mál nr. BN061410

Örvar Eyjólfsson, Ásvallagata 21, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN033899 m.s.br., salerni breytt í geymslu, svalir stækkaðar, þak hækkað, fallið frá hallandi þakhluta meðfram útvegg aðliggjandi nággranna nr. 19 við Ásvallagötu og frágangur þaks við lóðarmörk húss á lóð nr. 21 við Ásvallagötu.

Stækkun: 4,1 ferm., 1,0 rúmm.

Erindi fylgir samþykki eiganda í formi áritunar á afrit teikninga aðalhönnuðar dags. 15. ágúst 2022 og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttu samþykktir 2. maí 2017, erindi BN052739.

Erindi fylgir séruppdráttur svala nr. 20-13, dags. 15. ágúst 2022.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. september 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 18. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022.

Erindi fylgir samþykki eigenda nr. 21 við Ásvallagötu, dags. 8. nóvember 2022.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað til uppdráttu nr. 05-01, 05-02, og 20-13, ásamt skuggavarpuppdrætti dags. 15. ágúst 2022.

6. **Barónsstígur 34** (11.941.01) 102543 Mál nr. BN061818
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja fjögurra deilda leikskóla fyrir 70 börn á lóð nr. 34 við Barónsstíg.
Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags. 21. nóvember 2022.
Stærð: 630 ferm., 1.903,8 rúmm.
Gjald kr. 13.200,
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. **Blesugróf 30** (01.885.3) 108878 Mál nr. BN061785
650505-1580 Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, einnar hæðar einbýlishús á lóð nr. 30 við Blesugróf.
Stærð, A-rými: 296,5 ferm., 830,2 rúmm.
B-rými: 20 ferm.
Samtals: 316,5 ferm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
8. **Breiðhöfði 10** (04.035.7) 110543 Mál nr. BN061747
440121-0120 Borgarhöfði Fasteignarþr II ehf, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til niðurrifs núverandi bygginga í matshluta nr. 01 á lóð nr. 10 við Breiðhöfða.
Stærð niðurrifs matshluta nr. 01:
0101: 712,3 ferm., 4.922 rúmm.
0102: 1.066,6 ferm., 5.973,0 rúmm.
0104: 35,6 ferm., 97,3 rúmm.
0201: 35,6 ferm., 97,7 rúmm.
Stærð mhl.01 skv.fasteignaskrá: 3.411,7 ferm., 27.174,0 rúmm.
Niðurrif á 01-0103 er undir erindi BN061748.
Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 25. október 2022.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
9. **Breiðhöfði 10** (04.035.7) 110543 Mál nr. BN061748
440121-0120 Borgarhöfði Fasteignarþr II ehf, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til niðurrifs, förgunar og endurnýtingar húshluta 01-0103, verksmiðjuhús, í matshluta nr. 01 á lóð nr. 10 við Breiðhöfða.
Stærð niðurrifs 0103 matshluta nr. 01:
0103: 1.561,6 ferm., 16.084,5 rúmm.
Heildar stærð mhl.01 skv.fasteignaskrá: 3.411,7 ferm., 27.174,0 rúmm.
Niðurrif á 01-0101, 01-0102, 01-0104 og 01-0201 er undir erindi BN061747.
Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 25. október 2022.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

10. **Brekkustígur 3** (11.342.06) 100333 Mál nr. BN061450
Sigurgeir Steingrímsson, Mosfell, 271 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til að sameina eignarhluta í eina eign, fjarlægja milliveggi á 1. hæð og sameina eldhús, borðstofu og herbergi í eitt rými í húsi á lóð nr. 3 við Brekkustíg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afriti teikningum hönnuðar dags. 5. september 2022.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. september 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Lagfæra skráningu.
11. **Brekkustígur 9** (01.134.202) 100329 Mál nr. BN057519
521108-1180 Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík
521108-0960 Icelandic Ocean ehf., Pósthólf 17, 121 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að endurbyggja og hækka hús og byggja stigahús á bakhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Brekkustíg.
Stækkun: 30,3 ferm.
Eftir stækkun: 209,7 ferm., 605,1 rúmm.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 29. mars 2022 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
12. **Bæjarflöt 19** (25.784.04) 224867 Mál nr. BN061802
580216-2930 Fást ehf., Hamarshöfða 8, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059285 þannig að innra skipulagi er breytt í mhl. 03 í húsi á lóð nr. 19 við Bæjarflöt.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
13. **Bæjarflöt 2** (25.752.01) 179490 Mál nr. BN061691
600794-2059 Dalsnes ehf., Korngörðum 3, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð að hluta í rými 01-0101, þ.e. bætt við handlaugum, þvottaaðstöðu, loftræsingu, reistir milliveggir, bætt við ræstingu og geymslu og í rými 01-0102 er bætt við gólfniðurföllum, milliveggir fjarlægðir, bætt við eldhúsvöskum, þvottaherbergi og snyrtingu í húsi á lóð nr. 2 við Bæjarflöt.
Erindi fylgir afrit af aðaluppdrætti afstöðumyndar, byggingar- og brunavarnarlýsingu erindis BN044312.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. **Dugguvogur 6** (14.540.01) 105617 Mál nr. BN060902
510517-0830 Reir verk ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja skyggni yfir aðalinngang á austurhlið og breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar, þ.e. einna helst á 1.hæð eru gerðar breytingar á milliveggjum og lokun milli rýma, bætt aðgengi hreyfihamlaðra milli hæða, á 2. hæð eru jafnframt gerðar breytingar á milliveggjum og bætt aðstaða starfsmanna í húsi á lóð nr. 46 við Dugguvog.
Stærð húss: 1.154,6 ferm., 4.362,8 rúmm.
Erindi fylgir uppfært yfirlit breytinga unnið á aðaluppdrætti, stimplaður þann 22. maí 2018, móttakið 23. september 2022.
Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 16. maí 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
15. **Eddufell 2-8** (46.830.09) 112308 Mál nr. BN061242
410721-2280 Eddufell ehf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja fjórar hæðir úr steinsteypu ofan á tveggja hæða hús og innréttu 14 íbúðir, í húsi nr. 2-4 á lóð nr. 2-8 við Eddufell.
Erindi fylgir orkurammi á teikningu A601, samkomulag vegna byggingaframkvæmda frá tveimur eigendum húss, dags. 23. maí og 10. júní 2022, breyting á eignaskiptayfirlýsingu dags. 10. mars 2006, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 27. nóvember 2022.
Stækkun: 1.241,1 ferm., 3.940,8 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. september 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda og vísað til umsagnar skrifstofu stjórnýslu og gæða vegna samþykkis meðlóðarhafa.
16. **Fífurimi 13** (02.585.705) 109555 Mál nr. BN061780
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa tímurtengibyggingu með einhalla þaki við leikskólann Fífuborg og breyta innra skipulagi húss á lóð nr. 13 við Fífurima.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Stærð eftir br.: xx,x ferm., 3.011,3 rúmm.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. nóvember 2022.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
17. **Fljótasel 1-17** (49.720.02) 113176 Mál nr. BN061808
Theodóra Skúladóttir, Fljótasel 13, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja svalaskýli á svalir á efstu hæð, suðurhlið íbúðar 07-0101, hús nr. 13 á lóð nr. 1-17 við Fljótasel.
Erindi fylgir afrit gagna úr erindi SN210474, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2021, samþykki eigenda húsa nr. 15 og 17 við Fljótasel dags. 10. júní 2021.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

18. **Fornhagi 1** (15.461.02) 106502 Mál nr. BN061701
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir tveggja hæða bráðabirgðahúsnæði úr samsettum gámum við Hagaskóla, 16 kennslustofur, sérkennslustofa og félagsaðstaða í tveimur matshlutum á lóð nr. 1 við Fornhaga.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 24. október 2022.
Mhl. 03: 1.370,3 ferm., 4.140,1 rúmm.
Mhl. 04: 458 ferm., 1.431,2 rúmm.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
19. **Fossvogsvegur 8** (18.492.01) 225721 Mál nr. BN061807
681290-2309 Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058359 þannig að staðföngum er breytt, tröppur úr kjallara eru færðar, bætt við steiptum vegg við skábraut í kjallara og gluggum breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Fossvogsveg.
Stærð eftir breytingu, A-rými: 4.266,6 ferm., 13.451,2 rúmm.
B-rými: 4.455,8 ferm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
20. **Fylkisvegur 6-8** (43.641.01) 111277 Mál nr. BN061811
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um tímabundna breytingu á notkun úr skrifstofu og íþróttahúsi í skóla, sem þjóna á Norðlingaskóla, á lóð nr. 6 við Fylkisveg.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
21. **Gefjunarbrunnur 8** (02.695.403) 206029 Mál nr. BN061809
411021-0250 GH byggingar ehf., Þorrasölum 13, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteipt, tvílyft, tvíbýlishús, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 8 við Gefjunarbrunn.
Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 22. nóvember 2022, bréf hönnuðar um frávik frá skilmálum deiliskipulags dags. 17. nóvember 2022 og minnisblað um brunahönnun dags. 18. nóvember 2022.
Stærð, A-rými: 239,3 ferm., 636,5 rúmm.
B-rými: 46,8 ferm.
Samtals 286,1 ferm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

22. **Goðheimar 9** (14.323.02) 105247 Mál nr. BN061135
540121-0280 Samastaður ehf., Hólmvaði 8, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum, þ.e. hluti burðarveggs milli eldhúss og gangs er fjarlægður, eldvarnarhurð er færð í vegg sem aðskilur anddyri íbúðar og sameignar og innra skipulagi er breytt lítilega í íbúð 0001 í húsi á lóð nr. 9 við Goðheima. Erindi fylgir leiðrétt umsóknareyðublað vegna umfjöllunar, skýrsla húsaskoðunar dags. 24. október 2022, yfirlit breytinga unnið á afriti útgefina aðaluppdráttar erindis BN026271 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 3. mars 2022.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.
23. **Grandagarður 16** (11.143.01) 100040 Mál nr. BN061805
580820-1820 Foodmandu ehf., Miðleiti 4, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta veitingastað á annarri hæð, rými 01-020x yfir í flokki II, teg. a, fyrir 60 gesti í sal og sólskála, ásamt stækkun á eldhúsi í húsi á lóð nr. 16 við Grandagarð.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
24. **Grensásvegur 14** (12.954.05) 103852 Mál nr. BN061816
The Duy Nguyen, Bólstaðarhlíð 56, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingarstað í fl. ?? tegund ?? fyrir ?? gesti í mhl. 01 rými 0102 í húsi á lóð nr. 14 við Grensásveg.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
25. **Grjótháls 1-3** (43.024.01) 111016 Mál nr. BN061735
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058492 þannig að breytt er innra skipulagi, stækka milligólf annarrar hæðar og breytt gluggasetningu á húsi á lóð nr. 1-3 við Grjótháls.
Stækkun millipalls er 126 ferm.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

26. **Grundargerði 11** (18.134.03) 107907 Mál nr. BN061828
Ólafur Tryggvason, Grundargerði 11, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum, þ.e. niðurgráfinn steypt kartöflugeymsla vestan við núverandi bílgeymslu, jafnframt er sótt um leyfi til að stækka bílgeymslu í matshluta nr. 02, um er að ræða síkkun á undirstöðum og gera kjallara, aðgengi um tröppur vestan við núverandi skúr við hús á lóð nr. 11 við Grundargerði.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Stærð e.br.: 85,2 ferm., 216,3 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afriti útgefina aðaluppdrátt dags. 17. janúar 1956.
Erindi fylgir afrit umsagnar skipulags dags. 27. október 2022.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
27. **Hafnarstræti 1-3** (11.400.05) 100817 Mál nr. BN061676
661107-0570 Hafnarstræti 1 ehf, Vesturgötu 32, 101 Reykjavík
620393-2159 Strjúgur ehf., Rúgakur 1, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN059102, þannig að hætt er við eldhús og breytt er innra skipulagi veitingarstaðarins í fl. III, tegund f, sem er samþykktur fyrir 80 gesti í rými 0105 í húsi á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti.
Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 13. október 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
28. **Hellusund 6A** (11.852.14) 102168 Mál nr. BN060793
471107-0850 Þingholt ehf., Hellusundi 6, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun úr íbúðarhúsi í skrifstofuhúsnæði, byggja tengigang við norður lóðarmörk ásamt tilheyrandi breytingum á innra skipulagi og útlitsbreytingum því til samræmis, 8-10 starfsmenn í húsi á lóð nr. 6A við Hellusund.
Stækkun: 22,2 ferm., 62,23 rúmm.
Stærð eftir breytingu: 254,8 ferm., 884,4 rúmm.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa vegna breytinga dags. 2. maí 2022, áritað á uppdrátt.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24.nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2022.
Erindi fylgir leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

29. **Hjallavegur 16** (13.531.14) 104232 Mál nr. BN061509
Eysteinn Þór Br Steinólfsson, Hjallavegur 16, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, steinsteyptan og járnbenntan, einangraðan að innan með léttbyggðu einhalla timburþaki í sunnanverðu horni lóðar nr. 16 við Hjallaveg.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir afrit aðaluppdráttar sp. 25. október 1979, samþykki lóðarhafa Hjallavegs nr. 18 áritað á uppdrátt dags. 4. ágúst 2022.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 13. október 2022, umsögn skipulagsfulltrúa dags 13. október 2022 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. október 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
30. **Hjarðarhagi 13** (15.530.06) 106520 Mál nr. BN061358
670499-2439 Hjarðarhagi 13-15, húsfélag, Hjarðarhaga 13, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að klæða hluta norðurhlíðar og austurgafli með sléttri álklæðningu á undirkerfi úr áli og fjarlægja steipt handrið og stálhandrið og koma fyrir í léttu stálhandriði klæddu harðplastplötum í húsi á lóð nr. 13-15 við Hjarðarhaga.
Erindi fylgir samþykki frá húsfélagsfundi dags. 13. júní 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 10. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 10. nóvember 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. nóvember 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
31. **Hraunbær 101** (43.311.01) 111065 Mál nr. BN061716
460207-1690 Míla ehf., Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að flytja tækjahús, á geymslulóð eiganda utan Reykjavíkur, matshluti nr. 02 afskráður af lóð nr. 101 við Hraunbæ.
Stærð: 9,6 ferm., 27,0 rúmm.
Erindi fylgir tölvupóstur ásamt myndum dags. 2. nóvember 2022.
Erindi fylgir tölvupóstur með uppfærðri staðsetningu þar sem geyma skal skúrinn dags. 25. nóvember 2022.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

32. **Hraunbær 103-105** (43.311.02) 111066 Mál nr. BN061749
711091-1069 Hraunbær 103, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta rými 0105, sem nú er skráð sem hluti sameignar og er innréttað sem húsvarðaríbúð, í sjálfstæða íbúð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 103 við Hraunbæ. Erindi fylgir íbúðarskoðun dags. 21. nóvember 2022 og fundargerð frá löglega boðuðum húsfundi dags. 3. nóvember 2022..
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
33. **Kamsvegur 26** (13.541.06) 104274 Mál nr. BN061819
Sveinn Óskar Hafliðason, Kamsvegur 26, 104 Reykjavík
Kristinn Már Karlsson, Kamsvegur 26, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja stakstæða bílgeymslu, mhl.nr.03, staðsteyptar undirstöður og botnplata, timbur útveggir og þak, norðaustan við tvíbýlishús á lóð nr. 26 við Kamsveg.
Stærð: 52,6 ferm., 167,5 rúmm.
Erindi BN060957 dregið til baka sbr. lýsingu á eyðublaði, nýr aðalhönnuður.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísað til uppdratta nr. 10-01 dags. 21. júní 2022, 10-02 og 10-03 dags. 21. nóvember 2022.
34. **Klettagarðar 12** (13.203.01) 188311 Mál nr. BN059460
620310-1070 Klettagarðar 12 ehf., Klettagörðum 12, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN050975, um er að ræða breytingar á innra skipulagi og útliti á húsi á lóð nr. 12 við Klettagarða.
Stærð leiðrétt úr 6.778,5 ferm., 50.155,5 rúmm. í 6.765,9 ferm., 49.730,2 rúmm., minnkun: 12,6 ferm., 425,3 rúmm.
Stærð nú (brúttó): 6.826,7 ferm., 49.730,2 rúmm.
Erindi fylgir lýsing erindis með skýringarteikningum.
Gjald kr.12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
35. **Kringlan 1** (17.235.01) 107300 Mál nr. BN061614
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um að innréttar fyrir tímabundna notkun leikskólarými fyrir 130 börn á 1. hæð skrifstofuhúss á lóð nr. 1 við Kringluna.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitið.

36. **Kuggavogur 26** (14.523.03) 105612 Mál nr. BN061731
500517-2550 JT Verk ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057990 þannig að tröppur milli garðs og götu eru fjarlægðar, garðsvæði endurskipulagt, handriðum að garði breytt og minni háttar færslur á veggjum í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 26 við Kuggavog.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
37. **Laufásvegur 41** (11.853.14) 102181 Mál nr. BN061726
Jón Davíð Ásgeirsson, Keilugrandi 5, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. hæðar, þ.e. komið verður fyrir þremur herbergjum til viðbótar í stað matsals og eldhúss gististaðar í flokki II, teg. b. stærra gistiheimili, með breytingum fjölgar gestum og verða 19 gestir í 9 einingum, 8 einingar með tveimur gestum í hverri einingu og 1 eining með þremur gestum, í húsi á lóð nr. 41 við Laufásveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti útgefina aðaluppdráttu erindis BN057247.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
38. **Mörkin 8** (14.712.02) 105735 Mál nr. BN061412
581002-3860 Fasteignin Mörkin ehf, Mörkinni 8, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057105 vegna lokaúttektar, þ.e. breytt fyrirkomulag lóðar og aðkomu að mhl. 03, norðvestan við hús á lóð nr. 8 við Mörkina.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti teikninga hönnuðar dags. 26. nóvember 2019.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
39. **Nesvegur 65** (01.531.0) 106117 Mál nr. BN061476
Elín Sólveig Steinarsdóttir, Nesvegur 65, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu, steiptan kjallara og timburhæð á suðurhlíð einbýlishúss á lóð nr. 76 við Nesveg.
Erindi fylgir samþykki eigenda Sörlaskjólís 88 og 94 og Nesvegar 63 og 67 áritað á uppdrætti sem dagsettir eru 24. júní 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 20. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022.
Stækkun: 30 ferm., 76,5 rúmm.
Eftir stækkun: 202,4 ferm., 589,3 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Lagfæra skráningu. Er í skipulagsferli.

40. **Njörvasund 30** (01.414.1) 105103 Mál nr. BN061583
Arnþór Jónsson, Njörvasund 30, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr léttu byggingarefni þar sem koma á fyrir eldhúsi og með tengingu út í garð í húsi á lóð nr. 30 við Njörvasund.
Stækkun: 40,7 ferm., 130 rúmm.
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda og til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísað til uppráttu A-01 dags. 2. nóvember 2022.
41. **Óðinsgata 5** (01.181.001) 101725 Mál nr. BN061684
490216-2270 5S ehf., Hesthömrum 9, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta brunalýsingu og koma fyrir nýjum svölum, 0207, á norðurhlíð húss á lóð nr. 5 við Óðinsgötu.
Umsögn Minjastofnunar Íslands dags 31. október 2022 fylgir erindi.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 21. nóvember 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
42. **Rafstöðvarvegur 8** (42.553.02) 217493 Mál nr. BN061821
541019-2430 Terta ehf., Hverfisgötu 18, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058944 þannig að hjólastólalyfta er færð inn í anddyri og komið fyrir rampi á norðurhlíð inngangs á húsinu á lóð nr. 8 við Rafstöðvarveg.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
43. **Ránargata 4A** (01.136.014) 100517 Mál nr. BN061724
Jónas Pétur Ólason, Mánabraut 5, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi hótels í flokki IV, teg. a, hótél, 29 gistiherbergi eftir breytingu fyrir 62 gesti, þ.e. innra skipulagi allra hæða, fækkað um eitt gistiherbergi á 4. hæð, bætt starfsmannaaðstaða, fjölgað snyrtingum, bætt við líkamsræktarherbergi, breytingar gerðar á brunatæknilegum atriðum og svalahandrið þaksvala hækkað á húsi á lóð nr. 4A við Ránargötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á útgefnum aðaluppdráttum erindis BN054297.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 21. nóvember 2022.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitið.
44. **Safamýri 26** (12.850.02) 103738 Mál nr. BN061810
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um tímabundna breytingu á notkun úr íþróttahúsi í skóla, sem þjóna á Álftamýrarskóla, á lóð nr. 26 við Safamýri.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

45. **Síðumúli 28** (12.950.02) 103832 Mál nr. BN061827
 Emilia Katarzyna Cioban, Efstihjalli 23, 200 Kópavogur
 Sótt er um leyfi til að innrétta snyrtistofu á annarri hæð, nýir veggir settir upp og salerni breytt í húsinu á lóð nr. 28 við Síðumúla.
 Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
46. **Skeifan 11** (14.621.01) 195597 Mál nr. BN061779
 530169-5459 Félag atvinnurekenda, Kringlunni 7, 103 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofuhúsnæði í rými 25-0302 í húsi á lóð nr. 11 við Skeifuna.
 Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
47. **Skeifan 13A** (14.622.01) 195604 Mál nr. BN061801
 650311-1160 Netgengið ehf., Grensásvegi 11, 108 Reykjavík
 Sótt er um að endurnýja stöðuleyfi fyrir 20 feta gám sem samþykkt var 21. desember 2021 sbr. BN060347 sem nota á sem geymslu fyrir dróna og fylgihluta þeirra, sem notaðir eru til vöru- og veitingasendinga á lóð nr. 13A við Skeifuna.
 Erindinu fylgir útrunninn leigusamningur, dags. 30. nóvember 2021
 Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
48. **Skipholt 21** (01.250.108) 103426 Mál nr. BN061331
 411014-1340 Esja eignir ehf., Hrafnshöfða 25, 270 Mosfellsbær
 Sótt er um leyfi til að fjölga eignum úr fjórum í sjö og innrétta gististað í fl. II, teg. b, 46 herbergi fyrir 92 gesti og rými fyrir verslun/þjónustu á götuhlið 2. hæðar húss á lóð nr. 21 við Skipholt.
 Erindi fylgir samþykki meðeigenda ódagsett og yfirlit breytinga.
 Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 29. september 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2022 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2022.
 Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
49. **Skipholt 5** (12.412.08) 103026 Mál nr. BN061792
 500920-1060 VeV ehf., Ásaþingi 11, 203 Kópavogur
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059811 vegna lokaúttektar, þ.e. breyting á flóttaleið íbúðar 0201, fallið er frá svaladyr og svölum á norðurhlið en í stað svala verði flóttapallur utan við björgunarop sömu íbúðar í húsi matshluta nr. 01, á lóð nr. 5 við Skipholt.
 Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

50. **Sogavegur 3** (01.810.9) 107820 Mál nr. BN060762
440110-0100 Djúpidalur ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til stækkun húss, þ.e. kjallari er stækkaður til vesturs og komið fyrir glugga á norðurhlið, á aðkomuhæð er núverandi port lokað með léttu óeinangruðu timburpaki auk glugga og hurða í útveggi, notkun rýmis verði vinnsla fyrir verslun og vöruaðkoma án upphitunar í rými 0102, í húsi á lóð nr. 3 við Sogaveg.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Stærð e. breytingu: 474,9 ferm., 1.063,1 rúmm.
Erindi fylgir afrit umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021, afrit af blaðsíðu 2 umsagnar skipulags, ódagsett og yfirlit breytinga unnið á afriti útgefins aðaluppdráttar erindis BN049905.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
51. **Starmýri 2** (12.830.01) 103700 Mál nr. BN061822
520716-0920 Starmýri 2A ehf., Starmýri 2a, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058605, breytt skráning á hluta sameignar í sameign sumra og komið fyrir hliði framan við efsta þrep stíghúss á fjórðu hæð matshluta nr. 03, í húsi nr. 2A á lóð nr. 2 við Starmýri.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afriti teikninga hönnuðar dags. 24. ágúst 2022.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
52. **Starmýri 2** (12.830.01) 103700 Mál nr. BN061823
520716-0920 Starmýri 2A ehf., Starmýri 2a, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN059959, vega lokaúttektar, þar sem baðherbergi er stækkað í mhl. 01 í íbúð 0103 í húsinu nr. 2b og 2c á lóð nr. 2 við Starmýri.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
53. **Stuðlaháls 2** (04.325.401) 111045 Mál nr. BN061721
410169-4369 Áfengis-/tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til stækka vöruskemmu, matshluta nr. 05 til suðurs, notkun rýmis verði vöruhús/lager, undirstöður og botnplata staðsteypt, burðarvirki veggja og þaks er stálgrind með stálklæðningu og innihiti skal vera 18°C í húsi á lóð nr. 2 við Stuðlaháls.
Stærð: 1.418,1 ferm., 14.799,3 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 2022-11-02
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 18. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 18. nóvember 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. nóvember 2022.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.

54. **Suðurlandsbraut 34/Ár** (01.265.201) 103543 Mál nr. BN061572
551021-0680 SAFÍR byggingar ehf., Iðalind 2, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til byggingar á staðsteyptu fjölbýlishúsi, byggingin er sjö hæðir auk kjallara með 70 íbúðum, verslun og þjónustu á 1. hæð til norðurs, í norðurhorni lóðar á A reit orkureits, matshluti nr. 02, á lóð Suðurlandsbraut 34/Ár.
Stærð mhl.02: 6.506,6 ferm., 20.222,5 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar dags. 3. október 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. nóvember 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2022.
Umsókn um niðurrif er í erindi BN061409.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. nóvember 2022.
55. **Sundagarðar 10** (13.354.03) 103910 Mál nr. BN061634
591103-2610 Brimgarðar ehf., Sundagörðum 10, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058658 með því að byggja viðbyggingu ofan á austurenda, færa móttökurana og til að stækka milligólf (0202) ofan á móttöku í húsi á lóð nr. 10 við Sundagarða.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Stækkun, viðbygging: 267,4 ferm., 3.084,2 rúmm.
Stækkun, milligólf, 0202: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
56. **Sundagarðar 2** (13.353.04) 103906 Mál nr. BN060484
631213-0140 Sundaboginn slhf., Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og fjölga eignarhaldsnúmerum úr einu í tvö, í skrifstofuhúsi á lóð nr. 2 við Sundagarða.
Erindi fylgja teikningar sem sýna skiptingu eigna og greinargerð brunahönnuðar dags. 12. janúar 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

57. **Teigagerði 8** (01.816.0) 108077 Mál nr. BN059406
Hafsteinn Bragason, Teigagerði 8, 108 Reykjavík
Sótt erum leyfi til að byggja viðbyggingu við suðausturgafli, byggja þrjá nýja kvisti á rishæð og mænispak á bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 8 við Teigagerði.
Erindi fylgir bréf hönnuðar með yfirliti breytingar dags. 12. maí 2021 og annað dags. 25. nóvember 2022 ásamt skýringarmyndum.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. mars 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. mars 2022.
Stækkun: 12 ferm., xx rúmm.
Eftir stækkun: 252,2 ferm., 661,7 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
58. **Urðarbrunnur 19** (05.053.604) 211722 Mál nr. BN061581
Hannes Örn Ívarsson, Friggjarbrunnur 53, 113 Reykjavík
María Lena Heiðarsdóttir Olsen, Friggjarbrunnur 53, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt, pallað, tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 19 við Urðarbrunn.
Stærð: 285,7 ferm., 1.032,8 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 3. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. nóvember 2022.
Erindi fylgir samþykki eiganda nr. 21 við Urðarbrunn dags. 6. október 2022.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
59. **Úlfarsbraut 124** (50.557.01) 205755 Mál nr. BN061737
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057611 og BN060462 v/lokaúttektar á sundlaug, bókasafni og félagsaðstöðu Dalskóla á lóð nr. 124 við Úlfarsbraut.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

60. **Vesturgata 64** (01.130.113) 215389 Mál nr. BN061373
530614-0420 Hróður ehf., Kjarlavorgi 7-15, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka bílakjallara, mhl. 08 og byggja þrjú steinsteypt fjölbýlishús, þriggja og fimm hæða með 58 íbúðum, einangruð og klædd að utan á lóð nr. 64 við Vesturgötu.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 12. ágúst 2022 og samantekt á brunavörnum frá Mannvit dags. 1. júlí 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 27. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 27. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. október 2022.
Stærð, mhl. 04: 2.456,4 ferm., 6.753,1 rúmm.
Mhl. 05: 2.644,2 ferm., 7.161,7 rúmm.
Mhl. 06: 1.840,1 ferm., 6.137,1 rúmm.
Mhl. 08, stækkun bílageymslu: xx
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
61. **Viðarhöfði 3** (40.776.01) 110688 Mál nr. BN061820
450598-2409 Garðlist ehf, Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að skipta upp húsi í þrjár notkunareiningar, breyta innra skipulagi og útliti, þ.e. klætt yfir hluta glugga og komið fyrir nýjum inngangshurðum, á hús á lóð nr. 3 við Viðarhöfða.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
62. **Viðarhöfði 3** (40.776.01) 110688 Mál nr. BN061584
670710-0920 Tokyo veitingar ehf., Nýbýlavegi 4, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. spónsuga fjarlægð og fyllt upp í gat þar við og lokað fyrir hurðargat milli vélasals og þess rýmis sem nú liggur til umfjöllunar, jafnframt er sótt um leyfi til að innrétta eldhús til framleiðslu á réttum sem afgreiddir eru frá eldhúsi í neytendapakningum til sölu í verslunum, með 25 starfsmenn í iðnaðarhúsi á athafnasvæði, á lóð nr. 3 við Viðarhöfða.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 31. október 2022 og yfirlit breytinga unnið á útgefnum aðaluppdráttum erinda BN024592 og BN026382.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
63. **Völvufell 7A** (46.832.02) 112312 Mál nr. BN061514
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera nýja hurð á útvegg suðurhliðar og hurð milli tveggja rýma í léttum millivegg í húsi á lóð nr. 7A við Völvufell.
Erindi fylgir smækkað afrit deiliskipulagsuppdráttar auglýstur í B-deild þann 22. janúar 2021 og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar samþykktur þann 9. mars 1978.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

64. **Ystibær 9** (43.510.05) 111100 Mál nr. BN061728
Árni Örn Stefánsson, Ystibær 9, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060765 þannig að komið er fyrir skyggni milli bílageymslu og íbúðarhús á lóð nr. 9 við Ystabæ.
Stækkun XX ferm., og XX rúmm.
Stækkun vegna B rýmis em myndast með skyggni er: XX ferm., XX rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

Fyrirspurnir

65. **Hávallagata 9** (11.603.05) 101167 Mál nr. BN061831
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Spurt er um leyfi til að breyta núverandi bílskúr í vinnustofu tilheyrandi íbúð á 1. og 2. hæð og hækka lóð framan við núverandi bílgeymslu við hús á lóð nr. 9 við Hávallagötu.
Jákvætt.
Sækja þarf um byggingarleyfi.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 13:55.

Harri Ormarsson
Nikulás Úlfar Mátsson
Jón Hafberg Björnsson
Sigrún Reynisdóttir
Vífill Björnsson
Kristín B I. Sverrisdóttir